

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

KAYFANDA 200 míkrogramma hörð hylki
KAYFANDA 400 míkrogramma hörð hylki
KAYFANDA 600 míkrogramma hörð hylki
KAYFANDA 1.200 míkrogramma hörð hylki

2. INNIHALDSLÝSING

KAYFANDA 200 míkrogr hörð hylki

Hvert hart hylki inniheldur odevixibat sesquihydrat sem jafngildir 200 míkrogrömmum af odevixibati.

KAYFANDA 400 míkrogr hörð hylki

Hvert hart hylki inniheldur odevixibat sesquihydrat sem jafngildir 400 míkrogrömmum af odevixibati.

KAYFANDA 600 míkrogr hörð hylki

Hvert hart hylki inniheldur odevixibat sesquihydrat sem jafngildir 600 míkrogrömmum af odevixibati.

KAYFANDA 1.200 míkrogr hörð hylki

Hvert hart hylki inniheldur odevixibat sesquihydrat sem jafngildir 1.200 míkrogrömmum af odevixibati.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Hart hylki

KAYFANDA 200 míkrogr hörð hylki

Hylki af stærð 0 (21,7 mm × 7,64 mm) með beinhvítu ógagnsæju loki og hvítum ógegnsæjum bol, með áletruðu „A200“ með svörtu bleki.

KAYFANDA 400 míkrogr hörð hylki

Hylki af stærð 3 (15,9 mm × 5,82 mm) með appelsínugulu ógagnsæju loki og hvítum ógegnsæjum bol, með áletruðu „A400“ með svörtu bleki.

KAYFANDA 600 míkrogr hörð hylki

Hylki af stærð 0 (21,7 mm × 7,64 mm) með beinhvítu ógagnsæju loki og bol, með áletruðu „A600“ með svörtu bleki.

KAYFANDA 1.200 míkrogr hörð hylki

Hylki af stærð 3 (15,9 mm × 5,82 mm) með appelsínugulu ógagnsæju loki og bol, með áletruðu „A1200“ með svörtu bleki.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

KAYFANDA er ætlað til meðferðar við kláða af völdum gallteppu í Alagillesheilkenni hjá sjúklingum 6 mánaða og eldri (sjá kafla 4.4 og 5.1).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Læknar með reynslu af meðferð við Alagillesheilkenni skulu hefja meðferð og hafa eftirlit með henni.

Skammtar

Ráðlagður skammtur af odevixibati er 120 míkróg/kg til inntöku einu sinni á dag, að morgni. Odevixibat má taka með eða án matar.

Tafla 1 sýnir þann styrkleika og fjölda hylkja sem gefa á daglega á grundvelli líkamsþyngdar til að ná fram skammti sem er u.þ.b. 120 míkróg/kg/dag, með dagskammti sem er að hámarki 7.200 míkróg á dag.

Tafla 1: Fjöldi odevixibat hylkja sem þarf til að ná fram tilgreinda skammtinum 120 míkróg/kg/dag

Líkamsþyngd (kg)	Heildarskammtur í míkróg	Fjöldi 600 míkróg hylkja		Fjöldi 1.200 míkróg hylkja
4 til < 7,5	600	1	eða	Á ekki við
7,5 til < 12,5	1.200	2	eða	1
12,5 til < 17,5	1.800	3	eða	Á ekki við
17,5 til < 25,5	2.400	4	eða	2
25,5 til < 35,5	3.600	6	eða	3
35,5 til < 45,5	4.800	8	eða	4
45,5 til < 55,5	6.000	10	eða	5
≥ 55,5	7.200	12	eða	6

Til einföldunar á lyfjagjöf er ráðlagt er að gefa þann styrkleika/fjölda hylkja sem er **feitletraður**. Ef þörf krefur er hægt að sameina hverja sem eru af þessum fjórum styrkleikum af hylkjunum til að fá tilgreindan skammt.

Skammtaminnkun

Íhuga má að minnka skammtinn í 40 míkróg/kg/dag ef vandamál tengd þoli, (þ.e. niðurgangur sem stendur í ≥ 3 daga, er talinn svæsinn eða krefst vökvagjafar í æð (sjá kafla 4.4)), koma fyrir án annarra orsaka. Þegar vandamál tengd þoli hafa gengið til baka skal auka skammtinn í 120 míkróg/kg/dag.

Tafla 2 sýnir þann styrkleika og fjölda hylkja sem gefa á daglega á grundvelli líkamsþyngdar til að ná fram skammti sem er u.þ.b. 40 míkróg/kg/dag.

**Tafla 2: Fjöldi odevixibat hylkja sem þarf til að ná fram tilgreinda skammtinum
40 míkróg/kg/dag**

Líkamsþyngd (kg)	Heildarskammtur í míkróg	Fjöldi 200 míkróg hylkja		Fjöldi 400 míkróg hylkja
4 til < 7,5	200	1	eða	Á ekki við
7,5 til < 12,5	400	2	eða	1
12,5 til < 17,5	600	3	eða	Á ekki við
17,5 til < 25,5	800	4	eða	2
25,5 til < 35,5	1.200	6	eða	3
35,5 til < 45,5	1.600	8	eða	4
45,5 til < 55,5	2.000	10	eða	5
≥ 55,5	2.400	12	eða	6

Til einföldunar á lyfjagjöf er ráðlagt er að gefa þann styrkleika/fjölda hylkja sem er **feitletraður**. Ef þörf krefur er hægt að sameina hverja sem eru af þessum fjórum styrkleikum af hylkjum til að fá tilgreindan skammt.

Íhuga skal aðra meðferð hjá sjúklingum sem ekki hafa sýnt fram á neinn ávinning af meðferðinni eftir að hafa fengið samfellda meðferð með odevixibati daglega í 6 mánuði.

Skammtar sem falla úr

Ef gleymist að taka skammt af odevixibati, skal sjúklingurinn taka skammtinn sem gleymdist eins fljótt og auðið er án þess að taka meira en einn skammt á dag.

Skert nýrnastarfsemi

Ekki er þörf á aðlögun skammta hjá sjúklingum með væga skerðingu á nýrnastarfsemi.

Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir um notkun odevixibats hjá sjúklingum með miðlungsmikla eða verulega skerðingu á nýrnastarfsemi eða hjá sjúklingum með nýrnabilun á lokastigi sem þarfnast blóðskilunar. Vegna hverfandi útskilnaðar um nýru er þó ekki nauðsynlegt að breyta skömmtum handa þessum sjúklingum (sjá kafla 5.2).

Skert lifrarstarfsemi

Ekki er þörf á aðlögun skammta hjá sjúklingum með væga eða miðlungsmikla skerðingu á lifrarstarfsemi (sjá kafla 5.1 og 5.2).

Ekki hafa verið gerðar nægar rannsóknir á notkun odevixibats handa sjúklingum með verulega skerðingu á lifrarstarfsemi (Child-Pugh C). Vegna mjög lítils frásogs er ekki nauðsynlegt að breyta skömmtum. Hins vegar er ráðlagt að hafa náði eftirlit með sjúklingum með lifrarsjúkdóm á lokastigi eða sjúkdóm sem versnar og verður að lifrabílu (sjá kafla 4.4).

Börn

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun odevixibats hjá börnum yngri en 6 mánaða. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

KAYFANDA er til inntöku. Lyfið á að taka með eða án matar, að morgni (sjá kafla 5.2).

Opna á stærri 200 míkróg og 600 míkróg hylkin og strá innihaldi þeirra yfir mat eða í vökva, en þau má einnig gleypa í heilu lagi.

Gleypa á minni 400 míkróg og 1.200 míkróg hylkin í heilu lagi, en þau má einnig opna og strá innihaldinu yfir matinn eða í vökva.

Ef gleypa á hylkið í heilu lagi, skal leiðbeina sjúklingnum um að taka það inn með vatnsglasi að morgni.

Gjöf lyfsins með mjúkum mat

Ef opna á hylkin og strá innihaldi þeirra yfir matinn, skal leiðbeina sjúklingnum/umönnunaraðilanum um að:

- setja svolítið magn (30 ml/2 matskeiðar) af mjúkum mat (skyri, jógúrt, eplamauki, hafragraut, bananamauki, gulrótarmauki, súkkulaðibúðingi eða hrísgrjónabúðingi) í skál. Maturinn á að vera við eða undir stofuhita.
- halda í báða enda hylkisins þannig að það liggi lárétt, snúa í gagnstæðar áttir og toga það í sundur til að tæma perlurnar ofan í skálina með mjúka matnum. Banka varlega á hylkið til að tryggja að allar perlurnar komi út.
- endurtaka fyrri skref ef meira en eitt hylki þarf til að ná skammtinum.
- blanda perlunum varlega saman við mjúka matinn með skeið.
- gefa allan skammtinn strax eftir blöndun. Ekki má geyma blönduna til síðari notkunar.
- drekka glas af vatni eftir að skammturinn hefur verið tekinn.
- farga öllum tómum hylkisskeljum.

Gjöf lyfsins með vökva (nota þarf munngjafarsprautu)

Ef opna á hylkin og strá innihaldi þeirra í vökva, skal leiðbeina sjúklingnum/umönnunaraðilanum um að:

- halda í báða enda hylkisins þannig að það liggi lárétt, snúa í gagnstæðar áttir og toga það í sundur til að tæma perlurnar ofan í lítinn blöndunarbolla. Banka varlega á hylkið til að tryggja að allar perlurnar komi út.
- endurtaka fyrri skref ef meira en eitt hylki þarf til að ná skammtinum.
- bæta við 1 teskeið (5 ml) af vökva sem hæfir aldri sjúklingsins (til dæmis brjóstamjólk, þurrmjólkurblöndu eða vatni). Láta perlurnar liggja í vökvanum í um það bil 5 mínútur þangað til þær eru gegnblautar (perlur leysast ekki upp).
- eftir 5 mínútur eigi að dýfa stút munngjafarsprautunnar að fullu ofan í blöndunarbollann. Draga stimpil sprautunnar hægt upp til að draga vökva/perlublönduna upp í sprautuna. Ýta stimplinum varlega niður aftur til að losa vökvann/perlublönduna aftur ofan í blöndunarbollann. Endurtaka þetta 2 til 3 sinnum til að tryggja að perlurnar hafi blandast vel við vökvann (perlur leysast ekki upp).
- draga allt innihaldið upp í sprautuna með því að toga í stimpilinn á enda sprautunnar.
- setja sprautustútinn fremst í munn barnsins á milli tungunnar og innri hliðar munnsins og þrýsta síðan stimplinum varlega inn til að sprauta vökvanum/perlublöndunni á milli tungu barnsins og innri hliðar munnsins. Ekki megi sprauta vökva/perlum aftast í háls barnsins því það gæti valdið því að barnið kúgast eða því svelgist á.
- ef einhver perlu/vökvablanda er eftir í blöndunarbollanum, skuli endurtaka fyrri skref þangað til allur skammturinn hefur verið gefinn. Ekki má geyma blönduna til síðari notkunar.
- gefa brjóstamjólk, þurrmjólkurblöndu eða annan vökva sem hæfir aldri barnsins eftir að skammturinn hefur verið tekinn.
- farga öllum tómum hylkisskeljum.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnum sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Lifrar-þarma hringrás (enterohepatic circulation)

Verkunarháttur odevixibats krefst þess að gallsýruhringrásin í lifur og þörmum og flutningur gallsalta inn í gallgöng séu til staðar. Sjúkdómar, lyf eða skurðaðgerðir sem draga úr hreyfanleika í meltingarvegi eða gallsýruhringrásinni í lifur og þörmum, þ.m.t. flutningi gallsalta inn í gallgöng, geta dregið úr verkun odevixibats.

Niðurgangur

Tilkynnt hefur verið um niðurgang sem algenga aukaverkun við notkun odevixibats. Niðurgangur getur leitt til vessapurrdar. Fylgjast skal reglulega með sjúklingum til að tryggja fullnægjandi vökvun meðan á niðurgangi stendur (sjá kafla 4.8). Nauðsynlegt getur verið að gera hlé á meðferð eða hætta henni ef niðurgangur er viðvarandi.

Eftirlit með lifrarstarfsemi

Hækkuð gildi aspartatamínótransferasa (ASAT), alanínamínótransferasa (ALAT), gamma-glútamýltransferasa (GGT) og gallrauða hafa sést hjá sjúklingum sem hafa fengið odevixibat (sjá kafla 4.8). Fylgjast á með lifrargildum áður en meðferð með odevixibati er hafin og meðan á henni stendur.

Hjá sjúklingum með hækkuð gildi á lifrarprófum og alvarlega skerta lifrarstarfsemi (Child-Pugh C) á að íhuga að viðhafa tíðara eftirlit.

Frásög fituleysanlegra vítamína

Mæling á fituleysanlegum vítamínum (A, D, E vítamíni) og INR (international normalised ratio) er ráðlögð hjá öllum sjúklingum áður en meðferð með odevixibati er hafin, ásamt eftirliti í samræmi við hefðbundnar klínískar starfsvenjur. Ef skortur á fituleysanlegum vítamínum greinist á að ávísa uppbótarmeðferð.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Fituleysanleg vítamín

Í klínískum rannsóknum komu fram lækkuð gildi fituleysanlegra vítamína hjá sumum sjúklingum sem fengu odevixibat. Fylgjast skal með gildum fituleysanlegra vítamína (sjá kafla 4.4).

Ferjumiðlaðar milliverkanir

Odevixibat er hvarfefni fyrir útstreymisferjuna P-glýkóprótein (P-gp). Hjá fullorðnum heilbrigðum einstaklingum jók samtímisgjöf öfluga P-gp hemilsins itrakónazóls útsetningu fyrir stökum 7.200 míkrog skammti af odevixibati um u.þ.b. 50-60%. Þessi hækkun er ekki talin klínískt mikilvæg. Engar aðrar hugsanlega mikilvægar ferjumiðlaðar milliverkanir greindust *in vitro* (sjá kafla 5.2).

Sýtókróm (CYP) P450-miðlaðar milliverkanir

In vitro var odevixibat ekki virkir fyrir CYP ensím (sjá kafla 5.2).

Í *in vitro* rannsóknum var sýnt fram á að odevixibat væri hemill á CYP3A4/5 (sjá kafla 5.2).

Hjá heilbrigðum fullorðnum einstaklingum dró samhliða notkun odevixibats úr flatarmáli undir ferli (AUC) fyrir midazólami til inntöku (CYP3A4 hvarfefni) um 30% og útsetningu fyrir 1-OH-midazólami um minna en 20%, sem er ekki talið klínískt mikilvægt.

UDCA (ursodeoxycholic acid) og rifampísín

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir á milliverkunum við UDCA ([ursodeoxycholic acid](#)) og rifampísín.

Fitusækin lyf

Í rannsókn á milliverkunum við samsett fitusækið getnaðarvarnarlyf til inntöku sem innihélt etínýlestradíól (0,03 mg) og levónorgestrel (0,15 mg) hjá fullorðnum heilbrigðum konum, hafði

samhliða notkun odevixibats engin áhrif á AUC fyrir levónorgestrel og dró úr AUC fyrir etínýlestradíól um 17%, sem er ekki talið klínískt mikilvægt. Rannsóknir á milliverkunum við önnur fitusækin lyf hafa ekki verið gerðar og því er ekki hægt að útiloka áhrif á frásog annarra fituleysanlegra lyfja.

Börn

Rannsóknir á milliverkunum hafa eingöngu verið gerðar hjá fullorðnum. Ekki er búist við neinum mun hjá fullorðnum og börnum.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Konur á barneignaraldri

Konur á barneignaraldri eiga að nota örugga aðferð til getnaðarvarnar meðan á meðferð með odevixibati stendur.

Meðganga

Engar eða takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun odevixibats á meðgöngu. Dýrarannsóknir hafa sýnt eiturveirðir á æxlun (sjá kafla 5.3). Odevixibat er hvorki ætlað til notkunar á meðgöngu né handa konum á barneignaraldri sem ekki nota getnaðarvarnir.

Brjóstagjöf

Ekki er þekkt hvort odevixibat eða umbrotsefni þess skiljast út í brjóstamjólk. Ekki liggja fyrir nægjanlegar upplýsingar um útskilnað odevixibats í móðurmjólk dýra (sjá kafla 5.3).

Ekki er hægt að útiloka hættu fyrir börn sem eru á brjósti. Vega þarf og meta kosti brjóstagjafar fyrir barnið og ávinning meðferðar fyrir móðurina og ákveða á grundvelli matsins hvort hætta eigi brjóstagjöf eða hætta/hefja ekki meðferð með odevixibati.

Frjósemi

Engar upplýsingar liggja fyrir um frjósemi hjá mönnum. Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna áhrifa á frjósemi eða æxlun (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Odevixibat hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Sú aukaverkun sem oftast var tilkynnt um hjá sjúklingum með Alagillesheilkenni sem fengu odevixibat í klínískum rannsóknum var niðurgangur (36,5%). Aðrar aukaverkanir sem tilkynnt var um voru magaverkur (17,3%), væg eða miðlungi alvarleg hækkun gilda á lifrarprófum (samanlögð tíðni 17,3%), minnkuð þéttni D-vítamíns (13,5%) og E-vítamíns (9,6%) og uppköst (5,8%).

Tafla yfir aukaverkanir

Í töflu 3 eru talðar upp aukaverkanir sem komu fram hjá sjúklingum með Alagillesheilkenni.

Aukaverkunum er raðað samkvæmt líffæraflokki og tíðniflokki. Tíðniflokkar eru skilgreindir með eftirfarandi hætti: mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til

< 1/100), mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til < 1/1.000), koma örsjaldan fyrir (< 1/10.000), tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum).

Tafla 3: Tíðni aukaverkana sem tilkynnt var um hjá sjúklingum með Alagillesheilkenni

MedDRA flokkun eftir líffærum	Tíðni	Aukaverkun
Meltingarfæri	Mjög algengar	niðurgangur, kviðverkur ^{a*}
	Algengar	uppköst*
Lifur og gall	Algengar	lifrastækkun hækkað gildi ALAT* hækkað gildi ASAT* hækkað gildi GGT* hækkað gildi gallrauða í blóði*
Efnaskipti og næring	Mjög algengar	skortur á D-vítamíni*
	Algengar	skortur á E-vítamíni*

^a Felur í sér verk í efri hluta kviðar

* Sjá kaflann „Lýsing á völdum aukaverkunarum“.

Lýsing á völdum aukaverkunarum

Aukaverkanir frá meltingarfærum

Sú aukaverkun sem oftast var tilkynnt um var niðurgangur, flest tilvik voru væg eða miðlungsslæm og ekki alvarleg. Hjá nokkrum sjúklingum þurfti að gera hlé á meðferð og gefa vökva vegna niðurgangs (sjá kafla 4.4). Aðrar aukaverkanir frá meltingarfærum sem tilkynnt var um voru kviðverkur og uppköst, þau tilvik voru væg eða miðlungsslæm og oftast tímabundin.

Lifur og gall

Algengustu aukaverkanir á lifur voru hækkanir á gildum gallrauða, ALAT, ASAT og GGT í blóði. Flest slík frávik voru væg og ekki alvarleg og hækkunin var ekki vísbending um lifrarskemmdir af völdum lyfja. Hækkun á gildum lifrarskýrni og gallrauða sást vegna undirliggjandi meingerðar Alagillesheilkennis í lifur og því er ráðlagt að hafa eftirlit með niðurstöðum lifrarprófa (sjá kafla 4.4).

Efnaskipti og næring

Vegna minnkaðrar losunar gallsyra í þarma og hættu á skertu frásogi eru sjúklingar á barnsaldri með Alagillesheilkenni og langvinna gallteppu í hættu á skorti á fituleysanlegum vítamínum, jafnvel með uppbótarmeðferð (sjá kafla 4.4). Minnkuð þéttni vítamína sást við langtímameðferð með odevixibati; meirihluti þessara sjúklinga svaraði viðeigandi uppbótarmeðferð með vítamínum. Í heild fengu fáir sjúklingar skort á fituleysanlegum vítamínum sem ekki svaraði uppbótarmeðferð. Þessi tilvik voru væg og leiddu ekki til þess að meðferð með odevixibati væri hætt.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Ofskömmtnun getur valdið einkennum sem stafa af ýktum lyfhrifum lyfsins, sem eru einkum niðurgangur.

Hámarksskammtur sem gefinn var heilbrigðum fullorðnum einstaklingum í klínískum rannsóknum var stakur 10.000 míkrog skammtur af odevixibati, sem olli engum aukaverkunum.

Í tilviki ofskömmunar skal veita sjúklingnum einkenameðferð og hefja stuðningsmeðferð eftir þörfum.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Galllyf og lifrarlyf, önnur galllyf, ATC-flokkur: A05AX05

Verkunarháttur

Odevixibat er afturkræfur, öflugur, sértækur hemill á ferju fyrir dausgarnargallsýru (ileal bile acid transporter, IBAT).

Odevixibat verkar staðbundið í fjærlægri dausgörn (distal ileum) til að draga úr endurupptöku gallsýra og auka úthreinsun gallsýra í gegnum ristilinn, sem dregur úr þéttni gallsýra í sermi. Umfang lækunar á gallsýrum í sermi er ekki í tengslum við altæk lyfjahvörf.

Verkun

Verkun odevixibati hjá sjúklingum með Alagillesheilkenni var metin í tveimur 3. stigs rannsóknum. Rannsókn A4250-012 (ASSERT) var 24 vikna, slembiröðuð, tvíblind rannsókn með samanburði við lyfleysu, sem gerð var á 52 sjúklingum með staðfesta greiningu á Alagillesheilkenni. Sjúklingum var slembiraðað 2:1 til að fá 120 mikróg/kg/dag af odevixibati eða lyfleysu og var lagskipt samkvæmt aldri við slembiröðun (< 10 ára og ≥ 10 til < 18 ára). Sjúklingar sem voru með ALAT > 10 × efri mörk eðlilegra gilda (ULN) eða heildargallrauða > 15 × ULN við skimun voru útilokaðir frá þátttöku í ASSERT rannsókninni.

Sjúklingar sem luku ASSERT rannsókninni voru gjaldgengir til inntöku í rannsókn A4250-015 (ASSERT-EXT), 72 vikna opna framhaldsrannsókn. Greining var framkvæmd á niðurstöðum úr ASSERT rannsókninni og sameinuðum niðurstöðum úr ASSERT og ASSERT-EXT rannsóknunum, sem fengnar voru eftir 96 vikna meðferð hjá sjúklingum sem luku meðferð með odevixibati í báðum rannsóknum.

Aðalendapunkturinn í ASSERT rannsókninni var breyting á alvarleikaskori klórs frá upphafi rannsóknarinnar fram í mánuð 6 (vikur 21 til 24) byggt á versta skori fyrir klór samkvæmt ObsRO spurningalista (observer-reported outcome). Klór var metið einu sinni að morgni og einu sinni að kvöldi með því að nota 5 stiga kvarða (0-4).

Breyting á þéttni gallsýru í sermi frá upphafsgildi að meðalgildi vikna 20 og 24 var lykilaukaendapunkturinn. Aðrir aukaendapunktar voru meðal annars breytingar frá upphafi til loka meðferðar hvað varðar svefnbreytur (metið með því að nota 5 stiga kvarða (0-4)), heildarþéttni kólesteróls og mat læknis á fituhnúðum.

Miðgildi (bil) aldurs sjúklinga í ASSERT rannsókninni var 5,45 (0,5 til 15,5) ár; 51,9% voru karlkyns og 82,7% voru hvítir. 92,3% sjúklinga voru með JAG1 stökkbreytinguna (Jagged canonical NOTCH ligand 1) og 7,7% með NOTCH2 stökkbreytinguna. Í upphafi rannsóknarinnar fengu 98,1% sjúklinga samhliða meðferð með kláðastillandi lyfjum, þar á meðal UDCA (88,5%). Í heildina var 51 (98,1%) af 52 sjúklingum með miðlungsmikla skerðingu á lifrarstarfsemi og 1 (1,9%) (lyfleysuhópur) var með verulega skerta lifrarstarfsemi samkvæmt Child-Pugh C flokkun. Meðaltal (staðalfrávik) áætlaðs gaukulsunarhraða í upphafi rannsóknar var 158,65 (51,437) ml/mín/1,73 m². Meðaltalsgildi (staðalfrávik) ALAT, ASAT og heildargallrauða í upphafi rannsóknar var 173,7 (84,48) einingar/l, 167,0 (83,22) einingar/l og 55,14 (47,911) μmól/l, talið upp í sömu röð. Meðaltalsskor (staðalfrávik) fyrir klór (bil: 0-4) og gildi fyrir gallsýru í sermi í upphafi rannsóknar voru svipuð hjá sjúklingum sem fengu odevixibat (2,80 [0,520] og 237,4 [114,88] μmól/l, talið upp í sömu röð) og sjúklingum sem fengu lyfleysu (3,01 [0,636] og 246,1 [120,53] μmól/l, talið upp í sömu röð).

Í töflu 4 má finna niðurstöður fyrir breytingar á meðaltalsskori klórs byggt á ObsRO mati frá upphafsgildi að mánuði 6 (vikur 21 til 24) og niðurstöður fyrir breytingar á gallsýrum í sermi frá upphafsgildi að meðaltalsgildi vikna 20 og 24.

Tafla 4: Samanburður á lyklniðurstöðum fyrir verkun odevixibats samanborið við lyfleysu á 24 vikna meðferðartímabili (ASSERT rannsóknin)


	Lyfleysa (N=17)	Odevixibat 120 míkrog/kg/dag (N=35)
Breytingar á meðaltalsskori klórs^a frá upphafsgildi að meðferðarmánuði 6 (vikur 21 til 24)		
Meðaltal minnstu fervika (95% öryggismörk) ^b	-0,80 (-1,27; -0,33)	-1,69 (-2,04; -1,34)
Meðaltal minnstu fervika samanborið við lyfleysu (95% öryggismörk) ^b Tvíhliða p-gildi ^b		-0,88 (-1,44; -0,33) 0,0025
Breytingar á gallsýrupéttni (µmól/l) í sermi frá upphafsgildi að meðaltalsgildi vikna 20 og 24		
Meðaltal minnstu fervika (95% öryggismörk) ^b	22,39 (-34,75; 79,52)	-90,35 (-1,33; -47,56)
Meðaltal minnstu fervika samanborið við lyfleysu (95% öryggismörk) ^b Tvíhliða p-gildi ^b		-112,74 (-178,78; -46,69) 0,0012

^a Byggt á ObsRO spurningalistanum, sem er gildaður 0-4 kvarði sem umönnunaraðilar skrá (0=ekkert til 4=mjög alvarlegt) og þar sem sýnt hefur verið fram á að breyting sem nemur $\geq 1,0$ skipti máli klínískt.

^b Greiningarnar eru byggðar á blönduðu líkani fyrir endurteknaðar mælingar (mixed model effect repeated measures, MMRM) með skor fyrir klór í upphafi rannsóknar eða gallsýrupéttni í sermi í upphafi rannsóknar (eftir því sem við á fyrir endapunktinn) sem skýribreytu, og lagskiptingarþætti fyrir aldur í upphafi rannsóknar (< 10 , ≥ 10 ára), tengdan gallrauða í upphafi rannsóknar (aðeins skor fyrir klór), meðferðarhóp, tíma (mánuði/heimsóknir) og víxlhrif meðferðar eftir tíma (treatment-by-time) sem föst áhrif.

Myndir 1 og 2 sýna á myndrænan hátt meðalbreytingar ásamt staðalskekkju frá upphafi rannsóknar á meðaltalsskori klórs hjá sjúklingum í hverjum meðferðarhópi fyrir hverja viku og þéttni gallsýru í sermi sjúklinga í hverjum meðferðarhópi fyrir hvern mánuð, talið upp í sömu röð.


Mynd 1: Meðalbreyting ($\pm$ staðalskekkja) frá upphafsgildi á alvarleikastigi kláða (klórs) yfir tímabil (ASSERT rannsóknin)



Fjöldi sjúklinga

Lyfleysa	17	17	17	16	17	17	17	17	17	17	16	16	16	15	15	16	15	16	17	17	16	16	16	17	16
120 µg/kg/dag	35	34	35	34	34	35	35	33	34	34	34	34	34	34	33	33	34	35	35	35	33	34	35	33	31


Mynd 2: Meðalbreyting ($\pm$ staðalskekkja) frá upphafsgildi á þéttni gallsýru í sermi ($\mu\text{mól/l}$) yfir tímabil (ASSERT rannsóknin)



Fjöldi sjúklinga							
Lyfleysa	17	16	15	16	17	15	16
120 µg/kg/dag	35	34	35	35	35	35	33

Í samræmi við niðurstöður um framför hvað varðar alvarleika kláða (klór) leiddi odevixibat til framfara hvað varðar margar svefnbreytur. Mynd 3 sýnir á myndrænan hátt meðalbreytingar (staðalskekkja) frá upphafi rannsóknar fyrir framför hvað varðar tvær af svefnbreytum í hverjum meðferðarhópi fyrir hvern mánuð, þar með talið hlutfall daga sem barnið þurfti hjálp við að sofna og þreytuskor yfir daginn. Svipaðar niðurstöður komu í ljós með tímanum fyrir hlutfall daga sem barnið þurfti á roun að halda til að sofna og hlutfall daga sem barnið þurfti að sofa hjá umönnunaraðila.

Mynd 3: Meðalbreyting ($\pm$ staðalskekkja) frá upphafsgildi á svefnbreytum yfir tímabil (ASSERT rannsóknin)



Alls luku 44 (85%) af þeim 52 sjúklingum sem fengu odevixibat í 3. stigs rannsóknum 72 vikna meðferðartímabilinu í ASSERT-EXT rannsókninni. Miðgildi lengdar meðferðar með odevixibati hjá 52 sjúklingum sem tóku þátt í 3. stigs rannsóknum var 99,79 vikur og var lengst 2,5 ár. Alls höfðu 45 (87%) af þessum 52 sjúklingum fengið meðferð með odevixibati í > 72 vikur og 32 sjúklingar (64%) höfðu fengið meðferð í > 96 vikur.

Áframhaldandi meðferð með 120 míkróg/kg/dag af odevixibati í ASSERT-EXT rannsókninni leiddi til frekari framfara hvað varðar skor fyrir kláða og sýndu niðurstöður fyrir sameinað þýði í vikum 69-72 ($n = 43$) meðalbreytingu frá upphafsgildum (SD) sem nam $-1,95$ ($0,838$). Fyrir 31 sjúkling sem fékk odevixibat í báðum 3. stigs rannsóknunum og þar sem gögn voru tiltæk til greiningar sást áframhaldandi bati í vikum 93-96 með meðalbreytingu frá upphafsgildum (SD) sem nam $-2,18$ ($0,876$). Minnkun á þéttni gallskýra í sermi hélst fram í viku 72, þegar meðalbreyting frá upphafsgildi var $-119,4$ $\mu\text{mol/l}$ ($-48,8$ $\mu\text{g/ml}$; $n = 44$). Hjá þeim 30 sjúklingum sem fengu odevixibat í báðum 3. stigs rannsóknunum og þar sem gögn voru tiltæk til greiningar í viku 96 var breyting á þéttni gallskýra í sermi frá upphafsgildum $-123,9$ $\mu\text{mol/l}$ ($-50,6$ $\mu\text{g/ml}$). Bæting varðandi svefnbreytur, þéttni kólesteróls í sermi og fituhnúta (xanthoma) hélst meðan á langtíma meðferðinni stóð.

Undantekningartilvik

Þetta lyf hefur fengið markaðsleyfi samkvæmt ferli um „undantekningartilvik“. Það þýðir að vegna þess hve sjaldgæfur sjúkdómurinn er hefur ekki reynst mögulegt að afla allra tilskilinna upplýsinga um lyfið. Lyfjastofnun Evrópu metur árlega allar nýjar upplýsingar sem hugsanlega koma fram og uppfærir samantekt á eiginleikum lyfsins eftir því sem þörf krefur.

5.2 Lyfjahvörf

Frásog

Frásog odevixibats er í lágmarki eftir gjöf með inntöku, gögn um nýtingu hjá mönnum liggja ekki fyrir og áætlað afstætt aðgengi er $< 1\%$. Hámarksþéttni odevixibats í plasma (C_{max}) næst innan 1 til 5 klukkustunda. Útsetning sem sést hjá börnum (á aldrinum 0,756 til 17,1 ára; líkamsþyngd frá 5,6 til 58 kg) takmarkast við lágildi; fyrir 120 míkróg/kg/dag skammtinn voru lágildin undir greiningarmörkum í 40% sýna hjá sjúklingum með Alagillesheilkenni. Meðalgildi C_{max} hjá börnum með Alagillesheilkenni sem fengu 120 míkróg/kg/dag var 1,13 ng/ml og meðalgildi AUC var 13,2 ng $\times$ klst./ml. Engin uppsöfnun odevixibats sást eftir skömmtun einu sinni á dag.

Áhrif matar

Altæk útsetning fyrir odevixibati spáir ekki fyrir um verkun. Því er ekki talin þörf á aðlögun skammta vegna áhrifa matar. Samhliða gjöf fituríkrar máltíðar (800 - 1.000 kalóríur þar sem u.þ.b. 50% af heildar kalóríuinnihaldi máltíðarinnar kemur úr fitu) orsakaði um það bil 72% lækkun á C_{max} og 62% lækkun á AUC_{0-24} samanborið við lyfjagjöf við fastandi aðstæður. Þegar odevixibati var stráð yfir eplamauk kom fram um það bil 39% lækkun á C_{max} og og 36% lækkun á AUC_{0-24} samanborið við lyfjagjöf við fastandi aðstæður. Að teknu tilliti til þess að ekkert samband er á milli lyfjahvarfa og lyfhrifa (PK/PD) og að nauðsynlegt er að strá innihaldi odevixibat hylkisins yfir mat hjá yngri börnum, má gefa odevixibat með mat.

Dreifing

Binding odevixibats við plasmaprótein manna er meiri en 99%. Áætlað meðaldreifingarrúmmál (V/F) hjá sjúklingum með Alagillesheilkenni er 1.160 l. V/F hjá sjúklingum með Alagillesheilkenni, leiðrétt fyrir margfeldismeðaltali líkamsþyngdar, er 57,9 l/kg.

Umbrot

Umbrot odevixibats eru lítil hjá mönnum.

Brotthvarf

Eftir gjöf á stökum 3.000 míkróg skammti af geislamerktu odevixibati til inntöku hjá heilbrigðum fullorðnum einstaklingum, var meðaltal fyrir hlutfallslega endurheimt á gefnum skammti 82,9% í hægðum, minna en 0,002% kom fram í þvagi. Meira en 97% af geislavirkni í hægðum reyndist vera óbreytt odevixibat.

Áætlað meðalgildi sýnilegrar úthreinsunar (CL/F) hjá sjúklingum með Alagillesheilkenni er 212 l/klst. og meðalhelmingunartími er u.þ.b. 4,75 klst. CL/F hjá sjúklingum með Alagillesheilkenni, leiðrétt fyrir margfeldis meðaltali líkamsþyngdar, er 10,5 l/klst./kg.

Línulegt/ólínulegt samband

C_{max} og AUC_{0-t} hækka með auknum skömmtum í réttu hlutfalli við skammta, hins vegar er ekki mögulegt að áætla skammtahlutfallið nákvæmlega vegna mikils breytileika á milli einstaklinga sem er u.þ.b. 40%.

Lyfjahlvörf/lyfhrif

Ekki hefur orðið vart við tengsl á milli altækrar útsetningar og klínískra áhrifa sem er í samræmi við verkunarhátt og verkunarstað odevixibats í meltingarveginum. Ekki var heldur hægt að staðfesta tengsl við skammta fyrir rannsakaða skammtabilið 10-200 mikróg/kg/dag eða lyfhrifabreyturnar 7 α -hýdroxý-4-kólesten-3-ón (C4) og trefjakímfrumuvaxtarþátt 19 (fibroblast growth factor 19, FGF19).

Sérstakir hópar

Enginn klínískt marktækur munur kom fram á lyfjahlvörfum odevixibats á grundvelli aldurs, kyns eða kynþáttar.

Skert lifrarstarfsemi

Allir sjúklingar með Alagillesheilkenni voru með einhverja skerðingu á lifrarstarfsemi vegna sjúkdómsins. Byggt á greiningu á lyfjahlvörfum þýðis, sýndu sjúklingar með væga skerðingu á lifrarstarfsemi (Child-Pugh A) sambærileg lyfjahlvörf samanborið við aðra einstaklinga með eðlilega lifrarstarfsemi. Sjúklingar með miðlungsmikla skerðingu á lifrarstarfsemi (Child-Pugh B) voru með 77,0% lægri CL/F miðað við sjúklinga með væga skerðingu lifrarstarfsemi eða enga skerðingu á lifrarstarfsemi og útsetning fyrir odevixibati var 4- til 9-falt meiri hjá sjúklingum með miðlungsmikla skerðingu á lifrarstarfsemi. AUC í plasma við 120 mikróg/kg/dag var á bilinu 1,52 til 10,4 ng $\times$ klst./ml hjá sjúklingum með Child-Pugh A og á bilinu 5,50 til 74,5 ng $\times$ klst./ml hjá sjúklingum með Child-Pugh B. Þrátt fyrir að CL/F gildi væru lægri og V/F gildi væru hærri hjá börnum með Child-Pugh B samanborið við aðra einstaklinga, sást engin uppsöfnun odevixibats og öryggissniðið var sambærilegt á milli sjúklingahópanna. Engin gögn eru tiltæk fyrir sjúklinga með verulega skerta lifrarstarfsemi (Child-Pugh C).

Skert nýrnastarfsemi

Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir um sjúklinga með skerta nýrnastarfsemi, en gert er ráð fyrir að áhrif skertrar nýrnastarfsemi séu lítil vegna lítillar altækrar útsetningar og þess að odevixibat skilst ekki út með þvagi.

In vitro rannsóknir

Í *in vitro* rannsóknum hafði odevixibat ekki hamlandi áhrif á CYP 1A2, 2B6, 2C8, 2C9, 2C19 eða 2D6 við klínískt mikilvæga þéttni, en reyndist vera hemill á CYP3A4/5.

Odevixibat hefur ekki hamlandi áhrif á P-gp ferjur, BCRP, OATP1B1, OATP1B3, OAT1, OAT3, OCT2, MATE1 eða MATE2-K.

Odevixibat er hvarfefni P-gp útflæðisferju í meltingarvegi en ekki BCRP.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Aukaverkanir sem ekki komu fram í klínískum rannsóknum en komu fram hjá dýrum við útsetningu sem var sambærileg við klíníska útsetningu og hafa hugsanlega þýðingu fyrir klíníska notkun voru eftirfarandi:

Eiturverkanir á æxlun og þroska

Hjá ungafullum nýsjálenskum hvítum kanínum kom snemmbúin fæðing/fósturlát fyrir hjá tveimur kanínum sem fengu odevixibat á tímabili líffæramyndunar hjá fósttri við margfeldi útsetningar sem $\text{nam} \geq 1,6$ af áætlaðri klínískri útsetningu (samkvæmt heildar AUC_{0-24} odevixibats í plasma). Minnkuð líkamsþyngd og fæðuneysla móður sást hjá öllum skammtahópum (skammvinn við margfeldi útsetningar sem $\text{nam} 0,5$ af áætluðum skammti).

Frá því að margfeldi útsetningar $\text{nam} 0,5$ af klínískri útsetningu hjá mönnum (samkvæmt heildar AUC_{0-24} odevixibats í plasma), reyndust 7 fóstur (1,3% allra fósttra sem voru útsett fyrir odevixibati) í öllum skammtahópum vera með galla í hjarta- og æðakerfi (þ.e. sarp í slegli (ventricular diverticulum), lítinn slegil og útvíkkun í ósæðarboga). Engar slíkar vanskapanir komu fram þegar odevixibat var gefið ungafullum rottum. Vegna niðurstaðna sem fram komu hjá kanínum er ekki hægt að útiloka áhrif odevixibats á þroska hjarta- og æðakerfis.

Odevixibat hafði engin áhrif á árangur af æxlun, frjósemi, þroska fósturvísis og fósturs eða rannsóknir á þroska fyrir/eftir fæðingu hjá rottum við margfeldi útsetningar sem $\text{nam} 133$ af væntanlegri klínískri útsetningu (samkvæmt heildar AUC_{0-24} odevixibats í plasma), þar með talið ungum rottum (margfeldi útsetningar sem $\text{nam} 63$ af væntanlegri útsetningu hjá mönnum).

Ekki liggja fyrir nægjanlegar upplýsingar um útskilnað odevixibats í móðurmjólk dýra. Í dýrarannsóknnum var ekki mælt hvort odevixibat væri til staðar í móðurmjólk. Sýnt var fram á útsetningu í ungum mjólkandi rotta í rannsóknnum á eiturverkunum á þroska fyrir og eftir fæðingu hjá rottum (3,2-52,1% af plasmabéttni odevixibats hjá mjólkandi rottum). Því er hugsanlegt að odevixibat sé til staðar í brjóstamjólk.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Innihald hylkis

Örkristallaður sellulósi
Hýprómellósi

Hylkisskel

KAYFANDA 200 míkróg og 600 míkróg hörð hylki
Hýprómellósi
Títantvíoxíð (E171)
Gult járnoxíð (E172)

KAYFANDA 400 míkróg og 1.200 míkróg hörð hylki
Hýprómellósi
Títantvíoxíð (E171)
Gult járnoxíð (E172)
Rautt járnoxíð (E172)

Prentblek

Gljálakk
Própýlenglýkól
Svart járnoxíð (E172)

